

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Hornafirði, 30. nóvember 2016
nr. erindis 201609047 ÁEH


Málefni: Ráðstöfun byggðakvóta til fiskiskipa í Sveitarfélaginu Hornafirði

Á 790. fundi bæjarráðs Hornafjarðar þann 28.11.2016 var ákveðið að fela atvinnu- og ferðamálafulltrúa á að óska breytingum á 6. gr. reglugerðar nr. 641/2016 með ósk um sérreglur vegna fullvinnslu til neytenda á heimamarkaði.

Óskað er eftir að viðbót verði gerð á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 641/2016 á þann veg að:

Við ráðstöfun byggðakvóta í Sveitarfélaginu Hornafirði verði 50% af þeim byggðakvóta sem úthlutað var til sveitarfélagsins ráðstafað til þeirra fiskiskipa sem landa afla til fullvinnslu á neytendamarkað og dreifingu í Sveitarfélaginu Hornafirði og nærbyggðum.

Rökin fyrir því eru að með fullvinnslu afurða eykst möguleg verðmætaaukning og atvinnusköpun í samfélaginu, auk þess sem mikil eftirspurn er í sveitarfélaginu eftir slíkum vörum. Er það einkum vegna stóruaukinnar ferðaþjónustu á svæðinu og áherslu hótela og veitingastaða á að bjóða upp á ferska staðbundna vöru. Einnig er þörf á bæta aðgengi íbúa sveitarfélagsins að ferskum sjávarafurðum í sjávarþorpinu Höfn. Myndi slík ráðstöfun því sannanlega hámarka þann samfélagslega ábata sem getur falist í byggðakvóta Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Virðingarfyllt

Árdís Erná Halldórsdóttir
Atvinnu- og ferðamálafulltrúi
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

